

Mennta-og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

29. nóvember 2021

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir

ÖBÍ fagnar stefnumótun um rafleikja- og rafíþróttastarfssemi enda hefur stafrænum áhugamálum fjölgað mikið og mörg börn og ungmenni eyða þar af leiðandi hluta frítíma síns t.d. í tölvuleikjum.

Lýðheilsa

Fram kemur að hvetja og virkja eigi fjölbreyttan hóp ungmenna til þátttöku í skipulögðu starfi.

Tryggja verður að allir hafi aðgang að skipulögðu rafíþróttastarfi og er vísað í Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), 9. grein, málsgrein 2, „*stjórnvöld skulu efla aðgengi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og -kerfum, þar á meðal netinu*“.

Fjölbreytileika fagnað

Tekið er fram að rafleikir/rafíþróttir séu fyrir alla og mikilvægt sé að skapa aðstæður sem hvetja alla til þátttöku. Konur eru sérstaklega nefndar í því samhengi og að þeim sé skapað öruggt umhverfi. ÖBÍ leggur til að fatlað fólk sé einnig tiltekið í þessum lið og að viðeigandi aðlögun sé tryggð.

Í 30. grein SSRF kemur fram, „*aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi, til þess að:*

a) *hvetja til og efla þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í almennu íþróttastarfi á öllum stigum,*

b) *tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótt- og tómsundastarfi fyrir fatlað fólk og stuðla í því skyni að framboði á viðeigandi leiðsögn, þjálfun og úrræðum til jafns við aðra,*

c) *tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómsundastarf fer fram og að ferðamannastöðum,*

d) *tryggja fötluðum börnum jafnt aðgengi á við önnur börn til þátttöku í leikjum, tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi, þar á meðal innan skólakerfisins,*

e) *tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómsundastarfs, ferðamennsku, frístunda- og íþróttastarfs“.*

Af gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildar-samtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samn- ingi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milli- göngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd“.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Þórdís Viborg
verkefnastóri ÖBÍ